

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber að taka bæjarþingsmál nr. 10/1988 upp að nýju á bæjarþingi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1988.

Nr. 52/1988. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kolbrúnu Hafsteinsdóttur

(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m. er barst Hæstarétti 12. þ.m. og krefst hún þess aðallega, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldið verði stýtt“. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 10. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærðu, Kolbrúnu Hafsteinsdóttur, fæddri 07.02. 1966, til heimilis að Engjaseli 72, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar n.k. kl. 16:00.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á skjalafalsi í tengslum við greiðslukort Sigurpáls Scheving og innbroti í verslunina Drífu í Kópavogi.

Við húsleit fannst þýfi á heimili kærðu sem tengist ofangreindum brotum.

Kærða hefur borið að Sigurður Markús Sigurðsson hafi komið með myndbandstæki á heimili hennar og jafnframt gefið henni tóbak en ekki kvaðst kærða vita hvernig hann var að þessum hlutum kominn.

Kærða kvaðst hafa verið sofandi heima hjá sér aðfaranótt mánudagsins en á mánudagskvöldinu kvaðst hún hafa farið í bíltúr með Sigurði. Kvað kærða þau hafa lent í árekstri þannig að hún þurfti að leita á slysavarðstofu.

Þar sem rannsókn málsins er á frumstigi og rökstuddur grunur leikur á því að kærða eigi einhverja aðild að ofangreindum brotum, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar n.k. kl. 16:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Kolbrún Hafsteinsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar 1988 kl. 16:00.